

um rannsókn á kali í túnnum o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við atvinnudeild Háskóla Íslands, landbúnaðardeild, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsóknnum á orsökum kals í túnnum.

Rannsóknunum sé m. a. beint að eftirfarandi atriðum:

1. Að hve miklu leyti má rekja orsakir kals til veðurfarsáhrifa, svo sem snjó- og svellalaga, og við hvaða aðstæður kal myndist af þeim sökum.

2. Hvort eðlisfræðilegt ástand jarðvegsins, jarðvinnsluaðferðir, þurrkunar-ásigkomulag ræktunar, haust- og vetrarvatnsstaða í jarðvegi hafa áhrif í sambandi við kalhættu.

3. Hvort misnotkun áburðar, svo sem stórir skammtar köfnunarefnis, og áburðartími, t. d. áburðargjöf seint á sumri milli slátta, eigi sinn þátt í auknum kalskemmdum.

4. Hvort notkun túnanna, svo sem haustbeit og sláttur síðsumars og á hausti, auki kalhættu.

5. Rannsókn á þoli stofna, sem notaðir eru í fræblöndur.

Jafnframt verði í tilraunastöðvum gerðar ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, svo sem varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem best standist gegn kalinu.

Að framkvæmd lokinni, sem kostuð verði með sérstöku fjárframlagi til landbúnaðardeildarinnar, séu gefnar út niðurstöður rannsóknanna og leiðbeiningar byggðar á þeim.

#### Greinargerð.

Sumarið 1962 voru kalskemmdir með mesta móti víða um land. Kalið — ásamt lágu hitastigi á sprettutímanum — olli miklu um það, að hefyngur það ár var ekki meiri en raun var á, og bændur því ekki eins vel undir veturinn búnir og æskilegt var.

Kal í túnnum er því miður ekki nýlunda. Hvað eftir annað hefur það valdið fjölda bænda þungum búsigjum. Þarf ekki að lýsa því nánar, hvílikt áfall það er fyrir hvern þann bónda, sem fyrir því verður, að meiri eða minni hluti af túni, sem komið hefur verið upp með ærnum tilkostnaði, ber engan ávöxt það ár, sem kal verður, þótt borið hafi verið á það eins og annað ræktað land, og er stundum langan tíma að ná sér aftur. Yfirleitt standa menn uppi ráðalitlir gagnvart þessari plágu, þegar hún skellur á, enda vita menn ógerla, af hverju hún stafar, nema þá í sumum tilfellum, eða hvaða ráð sé til að hefta hana eða draga úr henni.

Þó er ljóst, að nýræktir, sem gerðar hafa verið á síðari árum, hafa minna þol gegn kali en eldri tún. Veldur þar nokkru um, að fræblöndur þær, sem notaðar hafa verið, eru af erlendum uppruna og þola ekki allar jafnvel íslenskt veðurfar í köldum árum.

Stefna þarf að því að rækta fræ af innlendum grasstofnum með það fyrir augum, að á boðstólum verði grasfræ af harðgerðum jurtum, er væru í senn góðar fóðurjurtir og þolmeiri gegn kali.

Það er álit flm., að ekki megi dragast að leggja meiri áherzlu en verið hefur á ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að reyna að finna orsakir kalsins og þá um leið, ef unnt er, ráð til að koma í veg fyrir þær eða draga úr þeim.

Á það má jafnframt benda, að kal, jafnvel þótt lítills háttar sé, getur valdið því, að sveppir og bakteríur fái aðstöðu til sýkingar.

Gróður, sem verður fyrir kalskemmdum, hefur minna þol gegn sýkingu en hann ella hefði haft. Á þessu sviði er líka um rannsóknarefni að ræða.

Landbúnaðardeildin hefur á að skipa sérfræðingum, sem að rannsóknnum þessum ættu að vinna. En þótt að þeim sé unnið þar, hlýtur að verða af þeim talsverður aukakostnaður, sem gert er ráð fyrir, að greiddur verði úr ríkissjóði.

Tillaga um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.